

## Umræður, 1. fundur 26. apríl

Í pallborði sátu Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, Berglind Rós Magnúsdóttir, ráðgjafi mennta- og menningarmálaráðherra og Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri.

Lýst var eftir nýrri myndlíkingu í stað „deiglu“, þar sem fundargesti þótti orðið deigla vísa til íláts sem þekkingunni væri hellt ofan í. Einnig taldi hann mikilvægt að spyrja um aðferð, en ekki bara innihald kennaramenntunar – líta á kennaramenntun sem ferli. Í þriðja lagi fælist fagmennska þeirra sem mennta kennara í því sem þau gera, fremur en segja, hvers konar fyrirmyndir þau eru kennaranemum.

### Svör pallborðs

Jón Torfi Jónasson tekur þennan bolta, erum við að ræða um kennaramenntun á réttum nótum? Hann kallaði eftir heildarhyggju í umræðu um kennaramenntun í stað „bútaumsaðferðar“ Hann lét í ljós efasemdir um hugmynd Berglindar Rósar um að setja allt innihald kennaramenntunar í námskeið. Mikilvægasta hugtakið er menning, hvernig sköpum við menningu? Maður verður fagmaður með því að gera hlutina. Stærsta vandamál kennaramenntunar er að átta sig ekki á hvað bilið milli vitneskju og kunnáttu er breitt. Það er munur á því að kunna eitthvað og að geta gert sér mat úr því í starfi.

Berglind Rós Magnúsdóttir: Það að vera fagmennskja felst í stöðugu sjálfsmati, skoðun á eigin viðhorfum. Kennarar mega ekki einblína á staðreyndir. Þeir komast ekki lengur undan uppeldis-hlutverkinu. Kennarar þurfa að skilgreina hvar þeir standa í hugmyndafræði, átta sig á stefnum og straumum og staðsetja sig þar. Náms um menntastefnur er mjög mikilvægt.

Gunnar Gíslason sér kennara fyrir sér sem ræktanda fremur en að hann helli vitneskju í ílát og vísar til þeirra hugmynda sem hann nefndi í erindi sínu.

Fundargestur tók undir það að tungumálið mótaði hugsunina um leið og hugsunin hefði áhrif á tungumálið. Í tungumálinu væru oft fastar merkingar og hollt gæti verið að finna nýjar líkingar í takt við nýja tíma. Spurt var: Kennum við eitthvað um að tungumálið hafi áhrif á hugsunina? Fram kom ábending um mikilvægi þess að horfa á skólamál út frá mikilvægi tilfinninga. „Grunnskólinn er tilfinningaleg gróðrarstía.“ Við þurfum að spyrja okkur hvernig eigi að kenna kennaranemum að láta börnunum líða vel. Annar fundargestur taldi að við þyrftum skólafélagsfræðinga, en ekki bara skólasálfræðinga. Helsti vandi grunnskóla landsins væri firring. Spurt var hvort við hefðum trú á að sá vandi leystist með 5 ára kennaramenntun. Eða hvort við lentum í enn meiri firringu?

### Svör pallborðs:

Gunnar: Fimm ára kennaranám leysir ekki vandann, það er ævilangt nám. Kennarar verði studdir við að breyta aðferðafræði þegar nýjungar koma fram eins og t.d. byrjendalæsi, það skilar heilmiklu inn í starf kennara. Þarf að koma veruleikanum inn á Menntavísindasvið. Eru menn að stunda lýðræðisleg vinnubrögð hér? Sammála um að það skiptir máli hvernig við veljum okkur orð. Það flokkast undir gagnrýna hugsun. Er unnið með það á Menntavísindasviði?

Berglind Rós: Við þurfum líklega að setja upp námskeið semheitir umhyggja. Það er gert í Hollandi. Skólinn er einn af örfáum stöðum til að þjálfra slíka þætti. Það er erfitt að þurfa að búa til námsgrein úr öllum þáttum sem þurfa að komast inn í skólakerfið. Við þurfum að ræða það. Of mikil einstaklingshyggja

ríkir í skólakerfinu, sérfræðipjónustan er dæmi um það; við eigum heimsmet í greiningum. Sérfræðipjónustan á að snúast um að byggja upp öfluga bekki.

Jón Torfi: Það þarf að hyggja að öllum þessum málum, tungumáli, félagslegri stöðu barna, menningu. Spurningin er hvort við þurfum að breyta einhverju í skólanum til að tryggja þetta. Kalla spurningar fundarmanna á einhverjar breytingar á skipulagi fimm ára kennaranáms? Eigum við að leggja ríkari áherslu á gildi, eða færni? Við eigum að rækta ákveðin gildi í menningunni, hvernig gerum við það? Á að bæta inn námskeiðum, eða breyta vinnulagi? Við eigum ekki að hugsa um fimm ára kennaranám, heldur 10-15 ár. Spurning um hvernig því er fyrir komið. Hvernig mótum við fagmanninn sem á að starfa í góðum skóla? Hvernig eiga tengslin að vera við vettvang? Miklu ríkari en hingað til. Við verðum líka að búa til menningu þar sem við ræðum agað um kennaramenntun, verðum að búa til menningu opinnar gagnrýnnar umræðu. Það skiptir miklu máli nú í sumar þegar áfangastarfi lýkur að allir finni að þeir eigi aðild að umræðunni.

Sigríður Einarsdóttir tók saman